



Brothættar byggðir

GRÍMSEY OG HRÍSEY

Markmið

Markmiðið með verkefninu Brothættum byggðum er m.a. að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélag, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra.

Verkefnið stendur í fjögur ár.

Aðferð

Aðferð verkefnisins byggist á að halda tveggja daga íbúáþing þar sem rædd er staða byggðarinnar og leiðir til úrlausna.

Á íbúáþinginu leggja íbúarnir sjálfir til umræðuefni og raða viðfangsefnunum eftir mikilvægi.

Framhald verkefnisins byggir á niðurstöðum íbúáþingsins og eru íbúar upplýstir um hvernig skilaboð þingsins eru höfð til hliðsjónar og málum fylgt eftir, t.d. með því að kynna áherslur íbúa fyrir ríkisvaldi og stofnunum.

Stefnumótun með framtíðarsýn og markmiðum fyrir byggðarlagið byggir á niðurstöðum íbúáþings og stöðugreiningu fyrir byggðarlagið.

Stefnumótunin er síðan kynnt á íbúafundi. Íbúafundir eru haldnir árlega til að fara yfir stöðu verkefnisins.

Stuðningur og árangur


Verkefnið Brothættar byggðir hefur verið fest í sessi með samningi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið en þó skýrist það fyrst með fjárlögum hvers árs hvaða fjármunir eru til ráðstöfunar. Stjórnvöld hafa tekið þessari nýju aðferðafræði Byggðastofnunar af áhuga og jákvæðni. Verkefnið hefur verið kynnt mjög víða, bæði innan lands og utan.

Þó nokkuð snemmt sé að segja til um áhrif verkefnisins Brothættra byggða má þó merkja ýmis jákvæð teikn, til dæmis aukna virkni og samstöðu íbúa, auk ýmissa verkefna sem farið hafa af stað í tengslum við Brothættar byggðir með og án verkefnastyrkja.


Verkefnisstjórn er skipuð tveimur fulltrúum frá Byggðastofnun, tveimur íbúum, einum frá Akureyrarbæ, einum frá AFE og einum frá Eyþingi.

Verkefnisstjóri er Helga Íris Ingólfssdóttir - greidd af Akureyrarbæ.

Íbúatölur í Grímsey 1. janúar ár hvert - Hagstofnan



Íbúatölur í Hrísey 1. janúar ár hvert - Hagstofan



Grímsey - íbúaping

Fiskveiðar og útgerð eru forsenda byggðar í Grímsey og því mikilvægast að styrkja þessa þætti, ásamt öðrum þeim atvinnugreinum sem þegar eru í eygni. Þetta eru meginartilaboð tveggja daga íbúapings sem haldið var dagana 1. og 2. maí. Nær allir fullorðnir íbúar Grímseyjar sem voru heima þessa daga, sóttu þingið og er það metþátttaka. Einnig var grunnskólinn heimsóttur og rætt við nemendur.

Kallað eftir efndum aðgerða sem hafa verið samþykktar:

„Aðgerðir ríkisstjórnar verða ferþættar. Mun stuðningurinn felast í því að styrkja stöðu útgerðar, bæta samgöngur við Grímsey, framkvæma hagkvæmniathugun á lækkun húshitunarkostnaðar og með verkefninu Brothættar byggðir.“

Grímsey - íbúaping

Aukinn byggðakvóti

Sérstakan byggðakvóta fyrir byrjendur

Ferðapjónusta - fullt af hugmyndum

Samgöngumál - fjölga ferjusiglingum - niðurgreiða flug til íbúa (14-16 þús. aðra leið)

Hafnaraðstöðu þarf að bæta

Fráveitumál þarfnast úrbóta

Öll umhirða á eyinni s.s. sorphirða þarfnast úrbóta

Hitaveita - mikill hitunarkostnaður - bora eftir heitu vatni - vindmyllur

Heilbrigðisþjónustu þarf að bæta - heimsóknir lækna of fáar

Grímsey - ógnanir

Kvótamál og staða útgerðar - eru komnar hreinni línur en samt

Hár ferða- og flutningskostnaður

Fjarskiptamál - hafa batnað en það þarf að gera betur

Húshitun - sjálfbær orkuöflun.

Fækkun barnafjölskyldna - æ fleiri velja að vera með börn í skóla á Akureyri. - Vilji til að taka upp kennslu í 9.-10 bekk.

Heilbrigðisþjónusta þarf að vera tryggari og tíðari.

Umhverfismálin - sorphirða o.fl.

Húsnæðismál skóla - þarf að færa til betri vegar

Íþrótt- og tómstundastarf of veikburða

Hrísey - Framtíðarsýn

Hrísey skartar vel hirtu og fallegu umhverfi, sannkölluð perla. Samfélagið þar byggir á traustum grunni í sjávarútvegi en býr einnig við nokkra fjölbreytni í atvinnu, meðal annars í þekkingarstörfum og ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein. Siglingar skapa sérstöðu eyjarsamfélagsins en tekist hefur að miða þær að þörfum notenda þannig að eyjan er hluti af sameiginlegu atvinnusvæði Eyjafjarðar. Hrísey er fallegt og gott samfélag þar sem samheldni, rólegheit og náttúrufegurð eru aðalsmerkin.

Hrísey Meginmarkmið

Aðlaðandi og aðgengilegt eyjasamfélag.

Fjölbreytt atvinnulíf

Sterkir innviðir

Hrísey - Aðlaðandi og aðgengilegt eyjasamfélag

Áætlun ferjusiglinga henti íbúum og ferðamönnum

Gjaldfrjáls ferja fyrir alla

Deiliskipuleggja hafnarsvæðið

Strætó niður á Árskógssand

Hreinsunaráttak í Hrísey

Fækkun bíla - vistgötur?

Sérstaða Hríseyjar nýtt til markaðssetningar

Aðgerðir til að mæta fjölgun ferðamanna og til að laða ferðamenn að.

Hrísey - Fjölbreytt atvinnulíf

Tryggja byggðakvóta sem nú er til framtíðar

Auka fullvinnslu sjávarafurða.

Fjölga störfum hjá Akureyrarbæ í Hrísey - fjarvinnsla.

Athuga grundvöll heilsutengdrar ferðapjónustu í Hrísey

Ferðapjónusta verði eflað með fjölgun fyrirtækja í greininni

Frumkvöðla- og nýsköpunarstarf verði eflað.

Veitinga- eða kaffihús taki til starfa í eynni.

Hrísey - Sterkir innviðir

Heimþjónusta við aldraða - könnun

Kanna þörf fyrir dvalar-/hjúkrunarheimili fyrir aldraða

Heilbrigðisþjónusta verði styrkt t.d. í gegnum fjarþjónustu

Styrkja stjórnarsýsluna t.d. með reglulegum viðtalstímum bæjarfulltrúa

Styrkja skólastarf með ýmsu mótum

Gjaldfrjáls leikskóli

Nýting og opnunartími íþróttamiðstöðvar verði skoðuð.

Hrísey - Ógnanir

Fækkun starfa - sjávarútvegur

Netsamband - hefur verið styrkt mikið

Fækkun barnafjölskyldna

Húsnæðisskortur - ef áhugi er fyrir búsetu með atvinnu

Húsnæði selt sem sumarhús

Ekki næst samstaða um grundavallaratriði - vistgötur - minni bílaumferð - CittaSlow

Hlutverk Akureyrarbæjar

Betri kynning á Brothættum byggðum innan stjórnkerfis
Akureyrarkaupstaðar

Tíðari heimsóknir kjörinna fulltrúa og starfsmanna til
eyjanna

Efla Hverfisráðin sem millilið í stjórnsýslunni

Passa að Hrísey og Grímsey séu með þegar talað er um
Akureyri/Akureyrarbæ

Samskipti við ríkisstofnanir og aðra – nýta kraft
sveitarfélagsins

Hlutverk Akureyrarbæjar

Hrísey og Grímsey verði kynntar betur sem búsetusvæði

Hrísey og Grímsey verði betur markaðssettar sem góður

viðkomustaður ferðamanna með sérstöðu eyjanna í

fyrirrími

Merki verði unnin fyrir eyjarnar og jafnvel minjagripir sem

vísa í séreinkenni þeirra

Hlutverk Akureyrarbæjar

Samskipti við innanríkisráðuneyti og Vegagerðina

Niðurgreiðslur á far- og flutningsgjöldum

Tenging ferjanna við strætósamgöngur á landi

Leiguverð taki mið af aðstæðum, ekki fastri gjaldskrá

Viðhald og breytingar á húsnæði Grímseyjarskóla

Betri markaðssetning og nýting á íþróttahúsinu í Hrísey

Að lokum

Fólksfækkunin er stærsta ógnunin og þá helst fækkun barnafjölskyldna. Ef þeim fækkar mikið meira fer að verða erfitt um vik við að halda úti leik- og grunnskólastarfi í eyjunum.

Sjávarútvegur og fiskvinnsla eru grunnstoðir eyjasamfélaganna. Þar hefur og virðist enn ríkja nokkur óvissa um umsvif til framtíðar.

Verkefnin hafa komið ýmsu til leiðar í eyjunum en spurning er hvort of seint hafi verið farið af stað til að snúa íbúapróuninni við? Þetta er sagt m.a. í ljósi þess að nú liggur fyrir að 14 íbúar eru að flytja á brott úr Hrísey í sumar, þar af 7 börn.

Að lokum

Það mættu að ósekju vera hærra framlög til styrkja á hverju ári. Nú er veitt 5 milljónum í styrki í hvert verkefni á ári hverju. Mættu vera a.m.k. 10 milljónir ef vel ætti að vera.

Hvaða leiðir sjáum við til að halda byggð í eyjunum?

Grundvallaratriði er að íbúarnir sjálfir vilji búa þar og taka virkan þátt í því að leita leiða til að fjölga íbúum, en þá þarf að styrkja þjónustu og fjölga atvinnutækifærum. Þar skiptir aðkoma Akureyrarbæjar miklu máli.

Að lokum

Skiptir yfir höfuð máli að halda byggð í eyjunum og er það hægt spyrja eflaust margir nú.

Ég tel það skipta máli út frá menningarsögulegum rökum og það hlýtur að skipta okkur öll máli að viðhalda byggð á landsbyggðinni á sem flestum stöðum. Ef fer sem horfir að æ fleiri byggðir leggjast af má spyrja hvar sú þróun endar.

Það að halda byggð í eyjunum skiptir að mínu mati miklu máli fyrir t.d.ferðapjónustuna og sjávarútveg á minni bátum. Þar eru mikil tækifæri sem á eftir að virkja og nýta.

Því ber að reyna allt sem hægt er til að styðja við fjölgun íbúa og barnafjölskyldna í eyjunum.